



Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Ár 2024, fimmtudaginn 7. mars kl. 09.02 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 13. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 3. hæð, Saltvík. Fundinn sat: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Fundarritari var Natan Freyr Guðmundsson

Þetta gerðist:

1. Tillaga um bifreiðastæði á Hverfisgötu

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að óheimilt verði að leggja í bifreiðastæði á Hverfisgötu við Vatnsstíg milli kl. 7 og 14 virka daga, milli 8 og 14 laugardaga og milli 9 og 12 sunnudaga. Bifreiðastæðið verði merkt með gjaldskyldu milli kl. 14 og 21 virka daga og laugardaga, og milli kl. 12 og 21 á sunnudögum. Á öðrum tímum verði engar takmarkanir á notkun bifreiðastæðisins.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt.

2. Bergþórugata – sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að eitt bifreiðastæði við Bergþórugötu verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt



3. Tillaga um gangbraut yfir Hörgshlíð

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að gönguþverun yfir Hörgshlíð við Hlíðaskóli verði merkt sem gangbraut

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 09.07

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir



TILLAGA

Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Deild samgangna

Tillaga um bifreiðastæði á Hverfisgötu

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að óheimilt verði að leggja í bifreiðastæði á Hverfisgötu við Vatnsstíg milli kl. 7 og 14 virka daga, milli 8 og 14 laugardaga og milli 9 og 12 sunnudaga. Bifreiðastæðið verði merkt með gjaldskyldu milli kl. 14 og 21 virka daga og laugardaga, og milli kl. 12 og 21 á sunnudögum. Á öðrum tímum verði engar takmarkanir á notkun bifreiðastæðisins.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.


Greinargerð:

Mikið er um verslunarhúsnæði og annan rekstur í nágrenni gatnamóta Hverfisgötu og Vatnsstígs, þá sérstaklega á Hverfisgötu. Aðgengi vöruflutninga að rekstraraðilum hefur ekki verið gott hingað til, breytingin leggur til að heimilt verði að stöðva í stæðinu á þeim tíma sem búast má við vöruafhendingu, en ekki leggja. Á öðrum tímum fylgir stæðið gjaldskyldu sem er á öðrum stæðum við Hverfisgötu.


Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

- Hjálagt: 1. Yfirlitsmynd með fyrirhuguðu stæði merktu inná.
2. Teikning með fyrirhuguðum skiltamerkingum.



1 Yfirlitsmynd með fyrirhuguðu stæði merktu inná.



2 Teikning með fyrirhuguðum skiltamerkingum.



TILLAGA

Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Deild samgangna

Bergþórugata – sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að eitt bifreiðastæði við Bergþórugötu verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:

Tillagan var samþykkt á fundi nefndar sem fjallar um umsóknir um sérmerkt bílastæði hreyfihamlaðra í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, dags. 28. febrúar 2024.


Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálágt: Yfirlitsmynd merkt með fyrirhugaðri staðsetningu bifreiðastæðisins



Reykjavíkurborg





TILLAGA

Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Deild samgangna

Tillaga um gangbraut yfir Hörgshlíð

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að gönguþverun yfir Hörgshlíð við Hlíðaskóli verði merkt sem gangbraut

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:

Í þessari tillögu er lagt til að gönguþverun yfir Hörgshlíð verði merkt sem gangbraut en þverunin er staðsett við grunnskóla og því mikið notuð af skólabörnum. Borið hefur á því að ökutækjum sé lagt á þveruninni meðan börnum er hleypt úr þeim, sem dregur úr öryggi þeirra sem þvera götuna á þessum stað. Þykir því rétt að merkja þverunina sem gangbraut enda mikilvæg leið barna á leið til skóla.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd merkt með fyrirhugaðri gangbraut



Reykjavíkurborg



Yfirlitsmynd merkt með fyrirhugaðri gangbraut